



**Markaðsstofa Suðurlands**

## Fundargerð

1. stjórnarfundur nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 2. maí 2017 í Fjölheimum Selfossi.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands (kjörin á aðalfundi)  
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands (kjörin á aðalfundi)  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### Dagskrá:

- Stjórn skiptir með sér verkum og ákveður fyrirkomulag funda
- Verkefni sl. mánaða
- Verkefni framundan
- Önnur mál

### Stjórn skiptir með sér verkum og ákveður fyrirkomulag funda

Ný stjórn skiptir með sér verkum og tillögur bornar fram. Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

- Björg Árnadóttir verður formaður stjórnar.
- Gunnar Þorgeirsson verður áfram varaformaður.
- Ragnhildur Sveinbjarnardóttir verður ritari stjórnarfunda.
- Dagný H. Jóhannsdóttir mun áfram vera gjaldkeri og boða stjórn til stjórnarfunda.
- Fundatímar stjórnar verða fyrsta mánudag í mánuði kl 10. Alls verða þrjár snertifundir, í maí, september og janúar en aðrir fundir verða símafundir. Næsti símafundur verður í júní.

Stjórn samþykkir að útlagður kostnaður vegna stjórnarfunda verði greiddur. Stjórnarmenn leitast við að velja hagkvæmstu leiðina á fund.

Dagný kynnir almenna starfsemi markaðsstofunnar fyrir nýjum stjórnarmeðlimum.

## Verkefni sl. mánaða

### DMP

- Ráðnir hafa verið tveir verkefnastjórar DMP úr hópi 14 umsækjanda. Framkvæmdastjóri og tengiliðir svæða fóru yfir umsóknir og boðuðu þrjá í viðtal. Laufey Guðmundsdóttir og Anna Valgerður Sigurðardóttir voru ráðnar og munu báðar hafa starfsstöð í Fjölheimum. Þær hófu störf í apríl, í hlutastörfum fyrsta mánuðinn á meðan þær klára önnur verkefni, og eru byrjaðar að lesa gögn og ramma inn verkefnið.
- Vinnustofur með skoska sérfræðingnum Tom Buncle voru haldnar tvo daga í mars. Ekki var búið að ganga frá ráðningu verkefnastjóra fyrir þann tíma svo framkvæmdastjóri og tengiliðir svæða mættu á vinnustofur og voru með kynningar um Suðurland, bæði sem heild og hvert og eitt svæði.
- Framkvæmdastjóri ítrekar við nýja stjórn að stjórn markaðsstofunnar hverju sinni ásamt framkvæmdastjóra og þrem tengiliðum svæðanna skipa svæðisráð DMP á Suðurlandi.

### SASS samstarf

Áframhaldandi vinna var í föstum verkefnum, teyllum og ráðgjafahóp. Einnig var vinna við ýmis önnur verkefni, t.d. áhersluverkefni í teyllum, ráðstefnur og fleira. Áhersluverkefni **um samræmingu korta** á Suðurlandi er komið vel á veg og er stefnt á útgáfu á næstu misserum. Í áhersluverkefninu um **Sunnlenskar vörur** var ákveðið að halda aðeins áfram með það undir fyrsta áfanga. Í ferðamála- og skipulagsteymi er verið að skoða ferðaþjónustutengd verkefni með tilliti til vinnu við áhersluverkefni og teymið. Þá sat framkvæmdastjóri fund með Bygðastofnun um fyrirkomulagið og samstarfið.

### Ýmsir miðlar

Stöðugt er verið að vinna með blaðamannafyrirspurnir, samfélagsmiðla, heimasíðu og fréttabréf.

### MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)

- Samstarf markaðsstofa landshlutanna fyrirferðarmikið síðustu misseri þar sem mörg sameiginleg verkefni og hagsmunamál sem hafa verið til umræðu og meðferðar. Ráðherra ferðamála óskaði eftir fundi með forsvarsmönnum Markaðsstofa landshlutanna, MAS sem áætlaður er í lok maí nk.
- Fulltrúar samstarfsins voru kallaðir fyrir fund viðskipta- og efnahagsnefndar Alþingis sem óskaði eftir álitni hópsins varðandi hugsanlegar afleiðingar fyrirhugaðar VSK hækkunar á greinina og landssvæðin
- Umræður hafa verið um heimasíður, bæklinga og fleira en mikilvægt er að fara í uppfærslur, m.a. á viðburðadagatali á heimasíðu.

### Námskeið

Haldið var námskeið á Selfossi fyrir ferðaþjónustuaðila á vestursvæði útfrá niðurstöðum markaðsgreiningar. Um 15 manns sóttu námskeiðið og samkvæmt könnun sem framkvæmd var í kjölfarið var fólk ánægt og þótti það vel heppnað.

## **Aðalfundur, málþing, örferð og árshátíð á Hótel Heklu**

Í ár var sú nýbreytni að aðalfundur var haldinn samhliða árshátíðinni sem markaðsstofan heldur árlega, föstudaginn 31. mars að þessu sinni. Þétt dagskrá var yfir daginn sem tók þónokkurn tíma að undirbúa. Dagurinn hófst á aðalfundi Markaðsstofunnar og í framhaldi af honum var haldið málþing sem bar yfirskriftina „Er eitthvað að gerast?“. Að því loknu var haldið í örferð um nágrennið og árleg árshátíð haldin um kvöldið.

Fyrir aðalfund breytti stjórn samþykktum varðandi stjórnarkjör og bakland í stjórn. Nú er tveir fulltrúar kosnir á aðalfundi þar sem óskað er eftir framboðum. Þetta var framkvæmt í fyrsta sinn á þessum aðalfundi í mars. Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemina undanfarið ár og það sem væri á döfinni og má sjá kynningu hennar hér: [Kynning framkvæmdastjóra á aðalfundi 2017](#) Aðalfundur sendi frá sér ályktun þar sem fyrirhugðum virðisaukaskattshækkunum á ferðaþjónustuna var mótmælt sem skoða má betur [hér](#).

Málþing gekk vel þar sem gestir hlýddu á fimm áhugaverð erindi og voru þau þessi:

Arnheiður Jóhannsdóttir – Markaðsstofa Norðurlands - Hafa landshlutarnir rödd?

Inga Hlín Pálsdóttir - Íslandsstofa – Er ímynd Íslands að breytast?

Þórir Erlingsson – Hvað með menntun? Ný námsleið við Háskólann á Hólum

Ýmir Björgvin Arthússon – Magical Iceland – Private Gourmet Tours

Sigríður Hulda Jónsdóttir - SHJ Ráðgjöf – Hvaðan kemur gleðin?

Að málþingi loknu var farið í örferð þar sem heimsótt voru fyrirtækin Gamla Laugin á Flúðum og Friðheimar í Reykholti. Um kvöldið snæddu gestir svo saman kvöldverð og skemmtu sér fram eftir kvöldi.

## **Vinnustofur Íslandsstofu í Kanada**

Framkvæmdastjóri fór til Kanada með Íslandsstofu þar sem haldnar voru vinnustofur í 5 borgum á 6 dögum. Vinnustofur gengu vel þar sem haldnir voru um 300 fundir. Mikill áhugi var á Íslandi hjá gestum vinnustofanna og eru gestir frá Kanada verðmætir viðskiptavinir. Fundunum var fylgt eftir þegar heim var komið og bættust góðir tengiliðir við tengiliðalista markaðsstofunnar í þessari ferð.

## **Kjarnaveituverkefni**

Þetta verkefni felur í sér að endurskoða upplýsingaveitu til ferðamanna og þar sem skoðaðir eru mismunandi þættir sem snerta málefnið. Markaðsstofa Suðurlands ásamt Höfuðborgarstofu og Safetravel fengu það verkefni að skoða öryggismálin. Öryggishópurinn hefur haldið fundi um landið til að afla upplýsinga inn í verkefnið. Ragnhildur hefur leitt þetta verkefni innan markaðsstofunnar. Búið er að funda á Vesturlandi, Norðurlandi og fundir framundan á Suðurlandi, Austurlandi og Reykjanesi. Einnig hafa verið haldnir samþættingarfundir í verkefninu.

## **Fyrirhuguð VSK hækkun**

Fundir, gagnaöflun og samtöl vegna fyrirhugaðrar virðisaukaskattshækkunar hafa verið fyrirferðamiklar síðustu misserin. Mikill ótti er í mönnum og virðist sem að mögulegar afleiðingar séu ekki nægilega kannaðar. Fyrirtæki eru sum hver farin að segja upp fólki en vart er við minnkun í bókunum nú þegar.

## **Aðildarfyrirtæki**

Nokkrir nýjir aðilar hafa komið til samstarfs við Markaðsstofuna síðustu misseri, flest eru þetta ný minni fyrirtæki sem vilja tengja sig strax og vera með í samstarfinu.

## Aðrir fundur/ráðstefnur

- Aðalfundur SAF
- Markaðsfundur IBI – Inspired By Iceland
- Áfangastaðaáætlun DMP
- Fundur með Hæfnisetri ferðaþjónustunar
- Fundur í menntateymi Fjölheima
- Ráðstefna um sjálfbærni og Costa Ríka
- Ársfundur Íslandsstofu
- Aðkoma framkvæmdastjóra að stefnumótun í ferðamálum hjá Árborg, fundir og samtal

## Annað

Á síðasta fundi var rædd aukin þörf fyrir starfsmenn og mörg verkefni framundan sem krefjast fleiri handa. Framkvæmdastjóri vill fara varlega og leggur ekki í að bæta við starfsmanni að svo stöddu þar sem verkefni eru einungis fjármögnuð út þetta ár.

## Verkefni framundan

### DMP

- Verið er að skipuleggja **kynningarfund í Vestmannaeyjum**. Framundan eru fundir með vinnuhópum og svæðum. Einnig er á dagskrá gagnadagur með Ferðamálastofu og snertifundur með Tom Buncle.
- **Katla jarðvangur** hefur boðað til fundaraðar með hagaðilum varðandi stefnumótun (DMP) þeirra fyrir svæðið. Framkvæmdastjóri ásamt verkefnastjórum DMP munu sækja fundina.

### Námskeið

Framundan eru námskeið í tengslum við markaðsgreiningu í Vík og á Höfn í vikunni.

### Kjarnaveituverkefni

- Fundir framundan á Höfn, Kirkjubæjarklaustri og Selfossi. Grunngreining framundan á gögnum og áframhaldandi vinna við verkefnið.
- Þann 8. júní verður haldið **málþing um upplýsingamiðlun** fyrir upplýsingamiðstöðvar og aðra hagaðila sem tengjast upplýsingamiðlun til ferðamanna í Borgarnesi. Þetta málþing er hluti af kjarnaveituverkefni en öryggishópur mun kynna frumniðurstöður gagnaöflunar.

### Samstarf og fundir

- Umsókn um **styrk til Ferðamálastofu** í undirbúningi vegna samstarfshóps um ferðamál. Óskað verður eftir fjármagni til að koma til móts við ferðakostnað þátttakenda ásamt vinnu að sameiginlegum verkefnum.
- Næsti fundur **samstarfshóps um ferðamál** er fyrirhugaður 19. maí og unnið er að því að halda næsta fund á austursvæði, á Höfn eða nágrenni.

- Næsti **MAS fundur** verður haldinn á Ísafirði 17. maí. Næsti fundur þar á eftir verður svo haldinn á Suðurlandi og í framhaldi fundur um stefnumótun MAS um árangursríka teymisvinnu með ráðgjafa 20. júní.
- Framundan er sameiginlegur **fundur MAS með Íslandsstofu** um samstarfið þar sem meðal annars verður rætt fyrirkomulag sýninga erlendis með tilliti til landsbyggðarinnar.

### Útgáfu- og vefmál

- **Landshlutabæklingurinn** árlega gefinn út fyrir Vestnorden í september. Framundan er að safna gögnum um nýja aðila og breytingum frá þeim nú þegar eru í bækling. Þá eru fyrirhugaðar breytingar á innra skipulagi bæklingis sem taka mið af þrískiptingu Suðurlands.
- Unnið er að **samræmingu korta** á Suðurlandi og heldur sú vinna áfram. Stefnt er á útgáfu fljótlega, fyrst á heildarkorti og svo svæðiskortum í framhaldi.
- Unnið er stöðugt að fjölmiðlafyrirspurnum, samfélagsmiðlum, endurbótum á heimasíðu og fleiru. Sveitarafélagasíður og forsíðubreytingar verða í forgrunni.

### Kynningarferð (FAM)

Boðið verður upp á kynningarferð fyrir íslenskar ferðaskrifstofur og starfsmenn upplýsingamiðstöðva í byrjun júní.

### Húsnæðismál

Framundan er að Markaðsstofan flytji sig milli rýma innan Fjölheima og verður ný skrifstofa í stofu 201 eða Vestrahorni. Verið er að klára kennslu vetrarins í húsinu og svo er hægt að fara að undirbúa rýmið.

### Tæknimál

Tæknimál Markaðsstofunnar hafa verið í skoðun og m.a. verið að skoða hvort hægt sé að skipta alveg yfir í Office 365 (úr Miðjunni), bæði til að einfalda og spara kostnað. Farið yfir með tæknimönnum TRS.

### Undirbúningur innheimtu aðildargjalda

Ný gjaldskrá aðildargjalda var tekin upp hjá markaðsstofunni árið 2015 og er nú kominn tími til að endurskoða hana. Fyrirkomulag kynnt en tekið fyrir á næsta fundi stjórnar.

### Önnur mál

- Framkvæmdastjóri óskaði eftir umræðu og afstöðu stjórnar til fyrirhugaðrar VSK hækkun á ferðaþjónustu og kannaði vilja fyrir að senda umsögn MAS um hugsanleg áhrif fyrirhugaðar VSK hækkunar inn til ráðuneytisins. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að senda það inn sem athugasemd fyrir hönd markaðsstofunnar.
- Sumarfrí starfsmanna og möguleg lokun í 2 vikur á sumarleyfistíma.